

Ráðgjafi

Ráðgjafi óskast til starfa á fagsviði eldri barna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Sviðið sinnir börnum á aldrinum 6-18 ára.

Starfssvið

- Ráðgjöf og eftirfylgd til fjölskyldna og fagfólks vegna barna með alvarleg þroskafrávik.
- Vinna í þverfaglegu teymi og þátttaka í greiningarstarfi.
- Þátttaka í fræðslu- og rannsóknarstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. í þroskaþjálfun, sérkennslu, sálfræði eða iðjuþjálfun.
- Þekking og reynsla af vinnu með börnum með alvarleg þroskafrávik og fjölskyldum þeirra
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af aðferðum sem byggja á Skipulagðri kennslu (TEACCH) eða sjónrænu skipulagi og stuðningi
- Reynsla og/eða þekking á greiningar- og matstækjum varðandi þroska, hegðun, líðan og færni er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til þátttöku í þverfaglegu samstarfi.

Um er að ræða 80-100% starfshlutfall. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við ríkissjóð.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Digranesvegi 5, 200 Kópavogi, eða í tölvupósti á gudrunth@greining.is fyrir **25. júní 2018**. Öllum umsóknum verður svarað.

Vegna kynjasamsetningar á vinnustaðnum eru karlmenn hvattir til að sækja um.

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún Þorsteinsdóttir, sviðstjóri í síma 510-8400 eða á netfang: gudrunth@greining.is

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er framsækin stofnun með fjölskylduvæna starfsmannastefnu sem býður m.a. upp á sveigjanlegan vinnutíma. Nýir starfsmenn fá handleiðslu og starfsþjálfun á aðlögunartíma og er lögð áhersla á þróun í starfi og tækifæri til sí- og endurmenntunar. Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaskerðingar sem leitt geta til fötlunar síðar á ævinni fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem bæta lífsgæði þeirra. Sjá nánar á www.greining.is.